

Mánudagurinn 28. ágúst 2000

146. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 26/2000

**Kvörtun Gleraugnabúðarinnar yfir notkun
Augnanna okkar ehf. á firmanafninu Gleraugnabúðin**

I.

Erindið

Með bréfi, dags. 11. febrúar 2000, kvartar Gleraugnabúðin, Laugavegi 36, Reykjavík, til Samkeppnisstofnunar yfir notkun Augnanna okkar ehf. á firmanafninu Gleraugnabúðin. Fyrirtækið Augun okkar rekur gleraugnaverslanir í tengslum við Hagkaup í Skeifunni og Nýkaup í Kringlunni undir nafninu Gleraugnabúðin. Í erindinu kemur fram að Gleraugnabúðin hafi notað nafnið allt frá árinu 1965 og var það tilkynnt til firmaskrár Reykjavíkur sama ár sbr. auglýsingu í Lögbirtingablaðinu 10. júlí 1965. Þá var fyrirtækið skráð hjá fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands sama ár. Telur kvartandi að notkun verslananna í Hagkaupi í Skeifunni og Nýkaupi í Kringlunni á nafninu Gleraugnabúðin geti valdið þeim misskilningi hjá viðskiptavinum kvartanda að um sé að ræða sama fyrirtæki og þar af leiðandi sömu vörur, þjónusta og viðskiptavild. Að mati kvartanda brýtur framangreind notkun á firmanafninu Gleraugnabúðin gegn ákvæðum 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

II.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar til Gleraugnabúðanna í Nýkaupi í Kringlunni og í Hagkaupi í Skeifunni, dags. 11. febrúar 2000, var fyrirtækjunum kynnt erindið og óskað umsagnar þeirra. Svar barst frá Ásgeiri Þór Árnasyni hrl., dags. 28. febrúar sl., f.h. Augnanna okkar. Í svarinu segir að auðkennið Gleraugnabúðin hafi verið valið þar sem það vísi til þeirrar höndlunar sem fram fer í verslununum. Auðkennið sé látlaust og miði að því að gera viðskiptamönnum á verslunarsvæðunum auðveldara með að finna

gleraugnaverslanirnar. Séu þær tilgreindar með svipuðum hætti og tilvísanir á verslunarsvæðunum til ýmissa annarra vara. Þá segir:

„Orðið „gleraugnabúðin“ vekur hugmynd um að þar fari fram sérstakur atvinnurekstur þ.e. verslun með gleraugu. Engum verður veittur einkaréttur til slíkra venjubundinnar lýsandi orða enda er það viðurkennd grundvallarregla í hugverka- og auðkennarétti að einkaréttur til orða og orðasambanda verði því aðeins veittur að orðið eða orðasambandið gefi nægjanlegt sérkenni og aðgreiningarhæfi...“

Þá er vísað til fjögurra hæstaréttardóma er varða firmanöfn. Í fyrsta lagi hæstaréttardóm frá árinu 1947 þar sem hafnað var kröfu til einkaréttinda yfir orðinu „*Fiskimjöl*“ á þeim forsendum að það væri almennt vöruheiti og hefði ekki í sér falin nægileg sérkenni. Í öðru lagi hæstaréttardóm frá árinu 1950. Þar var heimilaður einkaréttur á firmanafninu „*Leiftur*“ þar sem það var ekki talið vekja hugmyndir um ákveðinn atvinnurekstur. Í þriðja lagi hæstaréttardóm frá árinu 1962. Heimilaður var einkaréttur á nafninu „*Plútó*“ þar sem það var ekki talið vekja hugmyndir um sérstakan atvinnurekstur. Loks er vísað til hæstaréttardóms frá árinu 1964 þar sem með sömu rökum var heimilaður einkaréttur á orðinu „*Fjöliðja*“.

Þá segir í bréfinu:

„Núgildandi 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 breytir í engu framangreindu lagaumhverfi. Hliðstæð lagaregla var fyrst í lög leidd héraðs með lögum nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum og hefur verið við hana stuðst í dómum Hæstaréttar frá þeim tíma, m.a. þeim dómum sem raktir voru. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að samkeppnislögum segir á bls. 382 (Alpt. 1992) um hina tilvitnuðu lagagrein að „Ákvæðið hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni sem annar á“. Síðan segir að um skýringu á eignarréttindum í þessu sambandi verði að líta til annarra laga t.d. vörumerkjalaga, laga um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð. Loks segir í greinargerðinni að rétt þyki að hafa þetta ákvæði áfram í íslenskri löggjöf en það komi að gagni til fyllingar á vörumerkjavernd.

Af framansögðu verður því við túlkun 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 að líta almennt til einkaleyfa- og auðkennaréttar til að meta hvort notkun tiltekinnar orða eða orðasambanda stríði í bága við réttindi annarra sem fyrir eru á markaðinum. Augljóst er samkvæmt öllum kenningum og réttarniðurstöðum

sem til eru á því réttarsviði að enginn getur öðlast einkaréttindi til almennra og þekktra orða og orðasambanda sem vísa til tiltekinnar höndlunar. Á þetta greinilega við um orðið „gleraugnabúðin“ jafnt sem önnur hliðstæð orð eins og; fiskbúðin, matvörubúðin, kjötbúðin, gleraugnaverslunin, fasteignasalan, lögfræðiskrifstofan, vélaverslunin og þannig mætti lengi telja...“

Þá er vísað í ummæli Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl. sem birtust í grein í Úlfljóti árið 1969. Þar lýsir höfundur þeirri skoðun sinni að með skráningu firmanafns öðlist eigandinn alla jafnan einkarétt til nafnsins. Einn helsti tilgangur firmanafnsins sé að aðgreina firmað í samkeppni við önnur firmu. Enda þótt sjálf firmalögin setji ekki nein lagaskilyrði fyrir því að firmanafnið hafi í sér fölginn þann hæfileika sem þarf til þess að aðgreina firmað þá hafa dómstólar gert það að skilyrði fyrir lagavernd firmanafnsins og einkaréttar þess. Þannig hafi kröfunni um sérkenni firmanafns ekki þótt fullnægt ef aðalorðið í firmanu er almennt vöruheiti.

Síðan segir í bréfinu:

„Umbj. minn mótmælir sérstaklega að kvartandi geti öðlast einkaréttindi til orðsins „Gleraugnabúðin“ í skjóli þess að hann hafi notað það nafn í langan tíma. Umbj. minn hefur ekki kannað sérstaklega hvað hæft er í fullyrðingum kvartanda um lengd þess tíma sem hann hefur starfrækt verslun sína en telur einsýnt að kvartandi hafi einmitt byrjað höndlun undir nafninu „Gleraugnabúðin Helmout Kreidler“ til þess að vekja hugmynd um þann sérstaka atvinnurekstur sem þar færi fram en ekki í því augnamiði að öðlast einkarétt til orðsins „gleraugnabúðin“.“

Að lokum segir:

„Að endingu vill umbj. minn taka fram að hann telur enga ruglingshættu vera fyrir hendi á heildarútliti milli sinna merkja og merkja kvartanda. Kvartandi hefur alltaf merkt verslun sína og auglýsingar sem „Gleraugnabúðin Helmout Kreidler“ en umbj. minn hefur kynnt verslanir sínar sem „Gleraugnabúðin Nýkaupi Kringlunni“ og „Gleraugnabúðin Hagkaupi Skeifunni.“ Þá ber að hafa í huga að merki kvartanda er blátt með mynd af einglyrni en merki umbj. míns er silfurlitað og grænt með mynd af gleraugum.“

2.

Framangreint bréf lögmanns Augnanna okkar var sent Gleraugnabúðinni til umsagnar. Svar Lárusar L. Blöndal hrl. lögmanns fyrirtækisins er dags. 20. mars 2000. Þar segir:

„Gleraugnabúðin er skráð firmanafn allt frá árinu 1965 sbr. hjálagt ljósrít úr Lögbirtingablaðinu frá 10. júlí 1965. Nýtur firmanafn þetta verndar skv. l. nr. 42/1903 [lög um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð] og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Þá hefur umbj. minn notað nafnið Gleraugnabúðin sem vörumerki og nýtur það því einnig verndar sem slíkt sbr. 13. gr. l. nr. 45/1997 [lög um vörumerki]. Augun okkar ehf. notar þetta nafn umbj. míns óbreytt í auglýsingum sínum, þ.e. „Gleraugnabúðin“.

Þá segir að Gleraugnabúðin sé mjög þekkt hér á landi, hafi verið leiðandi í sinni grein og njóti trausts innlendra og erlendra viðskiptamanna. Nú sé svo komið að margir viðskiptamanna fyrirtækisins álíti að það standi fyrir rekstri verslana Augnanna okkar í Kringlunni og í Skeifunni og telji að þeir fái sömu gæði þar og þeir þekki frá Gleraugnabúðinni. Þá sé algengt að óskað sé eftir viðskiptum í samræmi við auglýsingar frá Augunum okkar. Hafi þetta afleið á starfsemi Gleraugnabúðarinnar. Jafnframt segir í bréfinu:

„...þá hefur Gleraugnabúðinni borist póstur frá erlendum birgjum þar sem reikningar eru skráðir á Gleraugnabúðina sem ætlaðir voru Augunum okkar ehf. og einnig hafa Augun okkar ehf. fengið póst Gleraugnabúðarinnar. Þannig gætu viðkomandi birgjar talið sig vera að eiga viðskipti við Gleraugnabúðina sem hefur áratuga gott orðspor í þessu fagi þegar viðskiptin eru í reynd við Augun okkar ehf. Af þessu er ljóst að Augun okkar ehf. gætu verið að hagnast á orðspori Gleraugnabúðarinnar og gætu reyndar einnig skaðað það orðspor verulega ef öll þeirra viðskipti eru á þá lund sem er tilefni kærunnar í þessu máli og viðskiptaaðilar þeirra telja sig eiga viðskipti við Gleraugnabúðina.

Rétt er í þessu sambandi að benda á að viðskiptavinir, bankar, kortafyrirtæki, Íslandspóstur, lánadrottinnar og birgjar nota allir nafn Gleraugnabúðarinnar í samskiptum sínum við fyrirtækið. Þegar ný verslun tekur upp sama nafn er ekki einungis hættu á ruglingi heldur er það algerlega öruggt að til ruglings kemur. Því er framferði Augnanna okkar ehf. ótvírætt brot á 25. gr. samkeppnislaga.

Þeim sjónarmiðum sem fram koma í greinargerð lögmanns Augnanna okkar ehf. um að nafn eins og firma- og vörumerkjanafn umbj. míns njóti ekki verndar

er harðlega mótmælt. Nýr aðili í tiltekinni grein viðskipta getur ekki tekið nafn sem hefur verið skráð og notað í 35 ár í þeirri grein og auglýst fyrirtæki sitt undir nákvæmlega því nafni. Það er algerlega óumdeilt og brýtur gegn góðum viðskiptaháttum og þar með gegn 20. og 25. gr. samkeppnislaga.

Í greinargerð lögmanns Augnanna okkar ehf. er vísað í nokkra gamla dóma Hæstaréttar. Ekki fæst séð að niðurstaða þessara dóma hafi nokkra þýðingu fyrir það mál sem hér er til umfjöllunar. Þá vísar lögmaðurinn til greinar Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl. í Úlfjótí 2. tbl. 1969. Í þeirri grein kemur einmitt fram ... að við langa notkun á almennu vörumeiti sem firmanafni gætu menn öðlast einkarétt til slíkra nafna. Sama kemur fram í 13. gr. l. um vörumerki. Þá er einnig rétt að benda á að Gleraugnabúðin er ekki almennt vörumeiti heldur fremur nafn með skírskotun til þeirrar starfsemi sem nafnið stendur fyrir. 35 ára samfelld notkun á þessu nafni sem firmanafni og vörumerki veitir umbj. mínum skilyrðislausan rétt umfram Augun okkar ehf. til notkunar á nafninu.

Þá fullyrðir lögmaðurinn að kærandi hafi hafið sína starfsemi undir nafninu „Gleraugnabúðin Helmout Kreidler“. Þetta er alrangt og á sér enga stoð í veruleikanum. ...eins og fram kemur í ...ljósriti úr Lögbirtingablaðinu 10. júlí 1965 þá er nafn firmans skráð Gleraugnabúðin...“

Að lokum segir í bréfinu:

„Þá hefur lögmaðurinn það eftir umbj. sínum að hann telji enga hættu á ruglingi vegna notkunar hans á firma- og vörumerki umbj. míns. Byggir hann þá niðurstöðu sína á því að Gleraugnabúðin hafi merkt verslun sína „Gleraugnabúðin Helmout Kreidler“ en umbj. sinn kynnt verslanir sínar sem „Gleraugnabúðin Nýkaupi Kringlunni“ og „Gleraugnabúðin Hagkaupi Skeifunni“. Ekkert af þessu er rétt. Gleraugnabúðin er kynnt í langflestum tilvika eingöngu sem Gleraugnabúðin en á stundum hefur nafn þess virta sjóntækjafræðings Helmout Kreidler verið sett með minni stöfum undir nafn verslunarinnar, reyndar með sama hætti og við lögmennt beggja aðila setjum nöfn okkar undir fyrirtækjaheiti okkar. Þá er því einnig rangt lýst hvernig Augun okkar ehf. kynna sínar verslanir. Má um það vísa til hjálagðra auglýsinga þar sem staðsetning búðanna er algerlega slitin úr samhengi við nafn þeirra.“

Með bréfinu fylgdu afrit ýmissa gagna s.s. ljósrít úr Lögbirtingablaðinu, nr. 49/1965, sem sýnir að Gleraugnabúðin var tilkynnt sem firmanafn til firmaskrár Reykjavíkur 24. júní 1965, vottorð frá Hagstofu Íslands sem sýnir að Gleraugnabúðin var skráð í fyrirtækjaskrá sama ár, gögn frá erlendum birgjum sem sýna fram á rugling á milli Gleraugnabúðarinnar og gleraugnaverslana Augnanna okkar, ljósrít auglýsinga gleraugnaverslana Augnanna okkar og blaðsíður úr símaskrá ársins 1999. Auglýsingar gleraugnaverslananna eru með merki verslananna, teikningu af gleraugum, og undir því stendur Gleraugnabúðin og þar aðskilið enn neðar segir Hagkaup Skeifunni... Nýkaup Kringlunni...

3.

Framangreint bréf Lárusar L. Blöndal hrl. var, hinn 29. mars 2000, sent Ásgeiri Þór Árnasyni hrl. lögmanni Augnanna okkar til umsagnar. Í símtali Samkeppnisstofnunar við hann, hinn 27. apríl sl., var upplýst að hann sæi ekki ástæðu til frekari athugasemda.

4.

Hinn 26. maí 2000 barst Samkeppnisstofnun, frá lögmanni Gleraugnabúðarinnar, reikningar og reikningsyfirlit frá Eimskip. Þau gögn sýndu enn frekari rugling á milli Gleraugnabúðarinnar og gleraugnaverslana Augnanna okkar.

Hinn 30. maí 2000 sendi Samkeppnisstofnun málsaðilum bréf þar sem tilkynnt var að gagnaöflun í málinu væri lokið. Jafnframt voru gögn lögmanns Gleraugnabúðarinnar send lögmanni Augnanna okkar. Engar athugasemdir bárust.

III.

Niðurstaða

Á fundi samkeppnisráðs, þann 28. ágúst 2000, var ákvörðun tekin í þessu máli. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Hrund Hafsteinsdóttir og Sigurbjörn Magnússon.

1.

Í máli þessu kvartar Gleraugnabúðin yfir notkun Augnanna okkar á firmanafninu Gleraugnabúðin á verslanir fyrirtækisins sem staðsettar eru annars

vegar í Hagkaupi í Skeifunni og hins vegar í Nýkaupi í Kringlunni. Telur kvartandi háttsemi þessa brjóta gegn ákvæðum 20. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Gleraugnabúðin var skráð firmanafn á árinu 1965 sbr. tilkynningu til Firmaskrár Reykjavíkur í Lögbirtingarblaði nr. 49/1965. Þar segir að Helmout Kreidler reki gleraugnaverksæði og verslun með nafninu Gleraugnabúðin. Hefur fyrirtækið verið rekið með því firmanafni frá þeim tíma. Að mati kvartanda veitir firmaskráningin vernd skv. 25. gr. samkeppnislaga. Verslanir Augnanna okkar sem reknar eru undir nafninu Gleraugnabúðin í tengslum við Hagkaup í Skeifunni og Nýkaup í Kringlunni geti og hafi valdið ruglingi hjá viðskiptamönnum Gleraugnabúðarinnar og séu nöfn þeirra til þess fallin að valda Gleraugnabúðinni enn frekari óþægindum og tjóni.

Af gögnum málsins má ráða að Augun okkar telji, að enginn geti öðlast einkarétt til notkunar á almennum, þekktum orðum og orðasamböndum sem vísi til tiltekinna viðskipta eða vöru sem verslað sé með. Eigi það við um orðið gleraugnabúðin. Þá sé engin hættá á ruglingi þar sem kvartandi hafi alltaf merkt verslun sína með tengingu við nafn eiganda og að verslanir Augnanna okkar séu ætíð tilgreindar í tengslum við staðsetningu þeirra.

2.

Fyrri málsliður 25. gr. samkeppnislaga hljóðar svo:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda.“

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 kemur fram að í 25. gr. felist almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og sé hún til fyllingar á vörumerkjavernd. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna geti hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Ákvæðið skipti máli um viðbótarvernd þá sem framangreind sérlög veiti auðkennunum. Lagagreinin taki þ.a.l. til tilvika þar sem réttarstaða til auðkenna sé óumdeild og er firmanafn sérstaklega tilgreint í lagagreininni.

Firmanafnið Gleraugnabúðin var skráð í Firmaskrá Reykjavíkur árið 1965 og hefur fyrirtækið verið rekið með því nafni frá þeim tíma. Með skráningu

firmanafns öðlast eigandi þess að jafnaði einkarétt til nafnsins og er öðrum óheimilt að nota firmanafnið eða annað nafn sem líkist því það mikið að um ruglingshættu geti verið að ræða. Firmanafnið verður að geta aðgreint fyrirtækið frá keppinautum á markaðnum. Af því leiðir að almenn vörueiti hafa ekki talist hæf til að vera firmanöfn, sbr. tilvitnaða hæstaréttardóma í gögnum málsins. Þó svo að orðið gleraugnabúð sé algengt orð í íslensku og tæpast hæft til að vera firmanafn verður ekki annað séð af gögnum málsins en að orðið með stórum upphafsstaf og greini, þ.e. Gleraugnabúðin, hafi eingöngu verið notað af Gleraugnabúðinni a.m.k. frá skráningu firmans. Er það mat samkeppnisráðs að á þann hátt sé kröfunni um sérkenni firmanafns fullnægt. Gleraugnabúðin hefur verið rekin frá árinu 1965 og ekki hefur verið sýnt fram á að fyrirtækinu hafi hingað til verið ruglað saman við önnur með skyldan rekstur. Þá er ljóst að viðskiptamenn Gleraugnabúðarinnar, svo sem bankar, lánadrottnar og birgjar hafa fram að þessu, án vandkvæða, notað nafn Gleraugnabúðarinnar í samskiptum sínum við fyrirtækið. Með hliðsjón af framansögðu er það mat samkeppnisráðs að réttur fyrirtækisins til notkunar firmanafnsins sé óumdeildur og því verndaður af fyrsta málslið 25. gr. samkeppnislaga. Að mati samkeppnisráðs nær verndin til þess að önnur fyrirtæki noti ekki firmanafnið Gleraugnabúðin eitt og sér.

Í málflutningi Augnanna okkar segir að fyrirtækið noti nafnið Gleraugnabúðin ávallt í tengslum við staðsetningu verslananna, þ.e. í Hagkaupi í Skeifunni og í Nýkaupi í Kringlunni. Af því leiði að engin ruglingshætta sé til staðar við verslun kvartanda. Að mati samkeppnisráðs er í auglýsingum gleraugnaverslananna í Hagkaupi í Skeifunni og í Nýkaupi í Kringlunni oft ekki hægt að greina þær frá Gleraugnabúðinni. Sem dæmi má benda á auglýsingar sem birtust í Morgunblaðinu 29. febrúar og 7. mars 2000. Þar kemur nafnið Gleraugnabúðin fram í merki fyrirtækisins en staðsetningar fyrirtækjanna er getið annars staðar í auglýsingunum. Auglýsingarnar gætu allt eins verið frá útibúum Gleraugnabúðarinnar. Þá má af gögnum málsins ráða að notkun Augnanna okkar á firmanafninu Gleraugnabúðin hefur skapað rugling bæði hjá innlendum og erlendum viðskiptamönnum. Einnig má benda á að í símaskrá er mjög torvelt fyrir ókunnuga að gera greinarmun á fyrirtækjunum. Þá er ekki einhlítt hvernig nafn verslananna er getið, t.d. segir á kassakvittunum verslunarinnar í Skeifunni „*Gleraugnabúðin, Skeifan 15*“ en á plastpokum sem afhentir eru fyrir vörur verslunarinnar segir „*Augun okkar, Gleraugnaverslun, Hagkaup, Skeifunni 15*“.

Af framansögðu leiðir það mat samkeppnisráðs að notkun á Augnanna okkar á firmanafninu Gleraugnabúðin í tengslum gleraugnaverslanir sínar í Hagkaupi í Skeifunni og í Nýkaupi í Kringlunni sé til þess fallin að gefa villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda og brjóti því gegn ákvæðum fyrra málsliðar 25. gr. samkeppnislaga.

Í erindi Gleraugnabúðarinnar er lítillega vísað til 20. gr. samkeppnislaga sem er meginregla og fyrst og fremst ætluð til að ná til tilvika sem aðrar greinar VI. kafla laganna ná ekki til. Þar sem mál þetta er fyrst og fremst rekið á grundvelli 25. gr. laganna telur samkeppnisráð ekki forsendur til að fjalla um máli þetta á grundvelli 20. gr. laganna.

IV. Ákvörðunarorð:

„Með vísan til 1. málsgreinar 25. greinar samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Augunum okkar ehf., Skeifunni 15, Reykjavík, að nota firmanafnið Gleraugnabúðin eitt og sér í auglýsingum, á auglýsingaskiltum og á annan hátt í tengslum við gleraugnaverslanir sínar í Hagkaupi í Skeifunni og í Nýkaupi í Kringlunni.

Bannið tekur gildi sjö dögum eftir birtingu ákvörðunarinnar.“

[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 10/2000](#)]